



ÞING ASI-UNG 14.september 2012

Til aðildarfélaga ASÍ

Reykjavík, 28. júní 2012

Efni: Þing ASI-UNG 2012

Þing ASI-UNG verður haldið föstudaginn 14. september nk. í sal Rafiðnaðarskólans að Stórhöfða 27. Skráning þingfulltrúa byrjar 9:30 og þingið hefst með setningu formanns ASÍ-UNG kl. 10:00.

ASÍ-UNG er samráðsvettvangur fyrir ungt fólk á aldrinum 18-35 ára innan Alþýðusambands Íslands. Markmiðið með stofnun ASÍ-UNG er að efla starf ungs fólks í verkalyðshreyfingunni og auka þekkingu og skyldur ungs launafólks á verkefnum verkalyðshreyfingarinnar og réttindum á vinnumarkaði. Á þingið hefur hverju aðildarfélagi ASÍ verið boðið að senda einn fulltrúa og því eiga rétt til þátttöku á rúmlega 50 fulltrúar ungs launafólks.

Með bréfi þessu fylgja drög að **dagskrá þingsins**. Meginvinna þingsins mun fara fram í vinnuhópum þar sem umræðuefnið verður húsnæðismál ungs fólks. Málafnið verður nálgast frá tveimur hliðum, annars vegar verður fjallað um leigumarkaðinn og leiðir til að gera hann að fýsilegri kosti fyrir ungt fólk og hins vegar verður fjallað um þau vandamál sem mæta ungu fólki sem ætla að kaupa sína fyrstu íbúð. Þessi málafni verða rædd í vinnuhópum (þjóðfundarfyrirkomulag). Meðfylgjandi eru umræðuskjöl sem hafa það að markmiði að undirbúa þingfulltrúa fyrir málafnavinnuna. Þar er dregin fram staðan í málaflokknum og reynt að benda á lausnir.

Rétt að hafa í huga

Skráning í hádegisverð og fagnað

Á þingi ASI-UNG stendur til boða að kaupa á hádegisverð og kvöldverð að því loknu. Aðildarfélög eru beðin að **tilkynna þátttöku á netfangið asta@asi.is** fyrir 7. september.

Vinnuhópar

Á þinginu verða starfræktir tveir vinnuhópar um leigumarkaðinn og tveir vinnuhópar um fyrstu kaup.

Starfið í vinnuhópunum hefst með fræðsluerindum en að þeim loknum verður unnið með miðlunaraðferðinni þar sem þátttakendur geta komið sjónarmiðum sínum, hugmyndum og áherslum á framfæri. Á grundvelli þeirrar niðurstöðu sem þannig næst fram verða unnar ályktanir til að leggja fyrir þingið.

Ferðakostnaður og gisting


Um greiðslu kostnaðar vegna þingfulltrúa fer samkvæmt reglugerð ASÍ um það efni, þ.e. ASÍ endurgreiðir félögum ferðakostnað utan af landi til Reykjavíkur.

Hvað varðar gistingu fyrir þingfulltrúa sem koma utan af landi er mikilvægt að ganga frá þeim þætti sem fyrst. Félögin sjá sjálf um að bóka fyrir sína fulltrúa. Rétt að benda á að oft má finna góð tilboð á <http://www.dohop.is/>

Frekari upplýsingar

Á heimasíðu ASÍ, www.asi.is, verður settur **sérstakur hnappur „ASÍ-UNG“** þar sem hægt verður að nálgast gögnin fyrir stofnþingið.

Með félagskveðjum,



Halldór Grönvold
aðstoðarframkvæmdarstjóri ASÍ

Hjálagt fylgja:

Drög að dagskrá þings ASÍ-UNG

Tillaga að lagabreytingum

Umræðuskjöl:

Húsnæðismál